

Skjólíð er opið hús fyrir konur sem eru heimilislausar, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við óöruggar aðstæður. Það er staðsett í Grensáskirkju og er opið kl. 11.00 – 16.00 alla virka daga. Þjóðkirkjan hóf að bjóða upp á þetta úrræði fyrir bráðum fjórum árum og hefur borið hitann og þungann af starfseminni og kostnaði við hana.

Frá opnun í febrúar 2021 hafa samtals 143 konur heimsótt Skjólíð. Flestar heimsóknir hafa verið á tímabilinu október 2022 til loka september 2023, eða 1.835 heimsóknir. Aldur kvennanna hefur verið frá 18 til 72 ára, en yngsti hópurinn hefur jafnan verið fjölmennastur. Undantekningalaust eru konurnar heimilislausar þegar þær koma í fyrsta skipti og með skráð lögheimili einhvers staðar í eftirfarandi sveitarfélögum: Reykjavík, Reykjanesbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Selfossi, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Mosfellsbæ, Akranesi, Akureyri eða Snæfellsbæ.

1. október 2023 – 30. september 2024

Á síðastliðnum tólf mánuðum komu 67 konur í 1.160 heimsóknir í Skjólíð. Þar af voru 25 konur að koma í fyrsta skipti. Það eru nokkru færri heimsóknir en árið á undan, sem getur skýrst af því m.a. að konur hafi fengið úthlutað húsnæði eða komist í langtímameðferð. Konurnar voru á aldrinum 19 – 66 ára en flestar þeirra, eða 34%, voru á aldrinum 26 – 35 ára.

Flestar konurnar, eða 75% þeirra, voru með lögheimili skráð í Reykjavík, næst flestar, eða 7% voru með lögheimili í Hafnarfirði. Aðrar konur voru með lögheimili á Akureyri, í Garðabæ, Reykjanesbæ, Kópavogi, Mosfellsbæ, Selfossi, Snæfellsbæ eða ótilgreint.

Um starfsemina

Unnið er eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og stýrt af fagmenntuðu fólki. Starf Skjólísins er þróað og mótað með þeim konum sem það sækja. Þar er boðið upp á léttan og næringarrikan hádegismat, hreinlætisaðstöðu þar sem konur geta farið í sturtu og þvottaaðstöðu þar sem þær geta þvegið af sér. Aðstaða er til hvíldar, tómstundaiðkunnar og annarrar afþreyingar auk þess sem aðgengi er að nettengdum tölvum.

Skjólíð er eina úrræðið sem býðst heimilisláusum konum yfir daginn. Markmiðið er að brúa bilið frá því að neyðarnæturathvarfið Konukot lokar á morgnana kl. 10 og þangað til að það opnar aftur kl. 17. Þörf fyrir þjónustu eins og Skjólíð er mjög brýn. Það sýnir aðsóknin frá opnun þess og umsagnir kvenna sem þangað leita.

Umsjónarkona Skjólísins er Rósa Björg Brynjarsdóttir. Rekstur þess er í höndum Hjálparstarfs kirkjunnar (Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri). Á starfsári hjálparstarfsins 2023 – 2024 fóru 47,05 millj. til reksturs Skjólísins, eða 12,8% af verkefnum og rekstri.

Leitað er til sveitarfélaga með stuðning við Skjólíð. Óskað er eftir styrk að upphæð 900.000 kr. frá Kópavogsbæ.

Með kveðju

Rósa Björg Brynjarsd.

Rósa Björg Brynjarsdóttir

Umsjónarkona Skjólsins

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026